

Nd.

119. Framvörp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Herðisarvík.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Herðisarvík í Árnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunararlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, frá 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Hér með leyfi eg mér í umboði hreppsnefndarinnar í Selvogshreppi og eftir ósk ábúandans í Herðisarvík, að skora á hið háttvirta Alþingi Íslendinga, sem nú stendur yfir, að löggilda verzlunarstað í Herðisarvík.

Mér er það vel kunnugt, að höfn er þar góð, eftir því sem getur verið að ræða hér austanfjalls, haldgóður akkerisbotn og inn- og útsigling engum annmörkum bundin, enda leita nú orðið fiskiskip oft hafnar í Herðisarvíkurleir á veturnum í norðanveðrum.

Stakkavík 2. marz 1911.

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Virðingarfyllst

Gísli G. Scheving.